

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2022

2022/EES/61/54

frá 29. apríl 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/539 frá 11. febrúar 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/923 frá 5. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram viðmið til að skilgreina stjórnendaábyrgð, eftirlitssvið, mikilvægar rekstrareiningar og veruleg áhrif á áhættusnið mikilvægrar rekstrareiningar, og sett eru fram viðmið til að auðkenna starfsfólk eða flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur áhrif á áhættusnið stofnunarinnar sem er sambærilegt við veruleg áhrif starfsfólks eða flokka starfsfólks sem um getur í 3. mgr. 92. gr. þeirrar tilskipunar ⁽²⁾.
- 3) Framseld reglugerð (ESB) 2021/923 fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 14i (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014):

„**32021 R 0923:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/923 frá 5. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram viðmið til að skilgreina stjórnendaábyrgð, eftirlitssvið, mikilvægar rekstrareiningar og veruleg áhrif á áhættusnið mikilvægrar rekstrareiningar, og sett eru fram viðmið til að auðkenna starfsfólk eða flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur áhrif á áhættusnið stofnunarinnar sem er sambærilegt við veruleg áhrif starfsfólks eða flokka starfsfólks sem um getur í 3. mgr. 92. gr. þeirrar tilskipunar (Stjtið. ESB L 203, 9.6.2021, bls. 1).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 14i (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014):

„– **32021 R 0539:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/539 frá 11. febrúar 2021 (Stjtið. ESB L 108, 29.3.2021, bls. 10).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 108, 29.3.2021, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 203, 9.6.2021, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 167, 6.6.2014, bls. 30.

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/539 og (ESB) 2021/923, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuþingi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021 frá 10. desember 2021 (†), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(†) Verður birt.